

Íslenskur iðnaður

SI

3/4. tbl. 12. árg

Samtök iðnaðarins

Mars/April 2006

IÐNÞING 2006

Vilmundur Jósefsson, sagði á Iðnþingi í síðustu ræðu sinni sem formaður Samtaka iðnaðarins, að stjórnvöld og hagsmunasamtök verði „að sammælast um að hér verði til þjóðfélag sem tryggir þegnum sínum hagsæld sem byggist á framsæknu og samkeppnishæfu atvinnulífi sem getur staðist öðrum snúning hvað varðar viðskipti með vörur og þjónustu sem skila miklum virðisauka.“

Arðsemi ráði

Hann lagði áherslu á að arðsemi og samkeppnishæfni ráði hvaða atvinnustarfsemi er stunduð og stjórnvöld verði að forðast sértækar aðgerðir sem valda misvægi í atvinnulífinu. „Það er rangt og ber að forðast að stilla atvinnugreinum upp sem óvinum eða andstæðingum eins og borið hefur á undanfarið með hátækni og stóriðju. Það er farsælast að láta markaðslögmálin ráða í hvaða atvinnurekstur er ráðist hverju sinni en það er sjálfsgagt og eðlilegt að stjórnvöld stuðli að því með almennum hætti að jarðvegur fyrir starfsemi, sem skilar mestum virðisauka, verði sem frjósamastur og má þar benda á menntakerfið, hvata til rannsókna, þróunar og nýsköpunar,“ sagði Vilmundur ennfremur.

Iðnþingið, sem var hið þrettánda í röðinni, var haldið á Hótel Loftleiðum föstudaginn 17. mars og var mjög vel sótt.

Nýr formaður

Helgi Magnússon tekur við formennsku af Vilmundi. Í stuttu ávarpi, eftir að úrslit lágu fyrir, lagði hann ríka áherslu á hve fjölbreytta hagsmuni aðildarfyrirtæki



Framkvæmdastjórnarnir Sveinn Hannesson SI og Hans Skov Christensen DI - sammála og samhentir

að takast á við hana. Erindum þeirra eru gerð ítarleg skil annars staðar í blaðinu. Helgi sagðist hlakka til að takast á við þetta mikilvæga verkefni hjá sterkum og öflugum samtökum.

Áhrif hnattvæðingar

Auk Vilmundar töluðu þau Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra og Hans Skov Christensen, framkvæmdastjóri Dansk Industri. Öll ræddu þau um áhrif hnattvæðingarinnar og hvernig væri best

að takast á við hana. Erindum þeirra eru gerð ítarleg skil annars staðar í blaðinu.

Iðnþingi lauk með fjórlegu pallborði undir stjórn Sveins Hannessonar, framkvæmdastjóra SI, en þar sátu auk hans þau Valgerður Sverrisdóttir, Helgi Magnússon, Gunnlaugur Sigmundsson og Tryggvi Þór Herbertsson. Þar bar margt á góma, ekki síst Evrópumálin og evruna. Rúsinan í pylsuendanum var svo árshóf Samtaka iðnaðarins um kvöldið sem Aðalheiður Héðinsdóttir stjórnaði með glæsibrag.

Frá pallborðsumræðum:

Tryggvi:

Mín niðurstaða er sú að það séu tveir kostir í stöðunni. Annaðhvort að vera með evru fyrir komulag og styrkja krónuna með strangari fjármálstjórn heldur en verið hefur eða ganga í Evrópska myntsamstarfið.

Þó svo að við tækjum upp evruna gætu sveiflurnar í raungenginu verið svona áfram. Ég held að hugmynd Valgerðar sé athyglisverð að ganga inn í myntsamstarfið án þess að ganga í Evrópu-samsambandið. Ég er bara auðmjúkur hagræðingur og geri mér ekki grein fyrir hvaða möguleikar eru á hinum pólitíska vettvangi.

Gunnlaugur:

Það eru bara tvær leiðir. Önnur er að taka upp lögeyrinn sem þið eruð að gera grín að hér - að flytja hér inn gáma af evrum en hitt er að taka óbeint um evruna og fara í myntráð eins og mörg lönd hafa gert.

Við erum orðin hundleið á þessari sveiflu sem fyrst og fremst stafar af sveiflum í ríkisútgjöldum.

bls. 2



Nýskipan
stjórnarráðsins

bls. 3




Umfjöllun um
Iðnþing bls. 3-9

bls. 13



Heilbrigður
útboðsmarkaður?

bls. 14



Tímabær veiking
krónunnar

bls. 16



Sýningin
Verk og Vít

Nýskipan stjórnarráðsins



Helgi Magnússon
formaður SI

Nýskipan stjórnarráðs Íslands

*forsætisráðuneyti
atvinnuvegaráðuneyti
fjármálaráðuneyti
heilbrigðisráðuneyti
innanríkisráðuneyti
menntamálaráðuneyti
umhverfis- og auðlindaráðuneyti
utanríkisráðuneyti*

Um árabíl hefur verið rætt um nauðsyn þess að stokka upp Stjórnarráð Íslands og færa skipan þess til nútímalegra horfs. Samtök iðnaðarins hafa lengi bent á mikilvægi þess að hér verði aðeins eitt atvinnuvegaráðuneyti.

Þessi skoðun var síðast ítrekuð í ályktun Iðnpings frá 17. mars sl., en þar segir:

„Hverfa verður frá hólfaskiptingu stjórnarráðsins sem ber svip af atvinnulífi liðinnar aldar. Eitt atvinnuvegaráðuneyti þarf til að auka skilvirkni í stoð- og starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Núverandi skipan er löngu úrelt, hefur margvísleg neikvæð áhrif á ákvarðanir stjórnvalda og veldur skaða og mismunun í atvinnulífinu.“

Samráð nauðsynlegt

Spyrja má hvort þessi ályktun sé raunhæf og hvort breyting af þessu tagi sé framkvæmanleg. Svárið er auðvitað jákvætt en það er ekki sama hvernig staðið er að þeim málum. Ríkisstjórnin hefur sagt að unnið sé að breytingum á Stjórnarráðinu og er það vel. Nauðsynlegt er hins vegar að breytingar, sem gerðar verða á stjórnarráðinu og varða skipulag ráðuneyta sem hafa með atvinnulífið að gera, verði í samráði við atvinnulífið sjálft. Það er grundvallaratriði.

Skýr verkaskipting

Mikilvægt er að hafa í huga við skipulag stjórnarráðsins að skil séu skýr milli stjórnsýslu og eftirlitsþátta ráðuneyta og undirstofnana þeirra annars vegar og annarra þátta svo sem stefnumótunar og stoðkerfis atvinnulífsins í víðum skilningi hins vegar. Samtök iðnaðarins hafa ekki sett fram ákveðnar fastmótaðar hugmyndir um hvernig þessum málum verði best fyrir komið en eru meira en reiðubúin til þess að leggja sitt af mörkum í þeim efnum. Hér verður sett fram ein hugmynd til umræðu.

Uppstokkun ráðuneyta og verkefna

Vel má hugsa sér nýtt stjórnarráð þar sem væru forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti sem væru í stærstum dráttum með sömu eða svipuð verkefni og nú er. Ný ráðuneyti kæmu síðan til viðbótar. Það yrðu innanríkisráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvegaráðuneyti.

Innanríkisráðuneytið færi með dómsmál, sveitarstjórnarmál, almannatryggingar, jafnréttismál, húsnæðismál og samgöngumál.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið færi með umhverfis- og náttúruverndarmál ásamt málefnum sem tengjast nýtingu náttúruauðlinda landsins hverju nafni sem nefnast. Með þessari skipan væri mikilvægi umhverfismálanna viðurkennt og áhersla lögð á góða og farsæla sambúð umhverfisverndarstefnu og nýtingar auðlinda þjóðarinnar. Það er afar brýnt að hámarka verðmætasköpun og hagsæld í landinu án þess að ganga í berhögg við umhverfisverndarsjónarmið. Í ljósi þess er skynsamlegt að vinna að þessum málum innan sama ráðuneytis.

Atvinnuvegaráðuneytið yrði eitt öflugasta og mikilvægasta ráðuneytið. Þar yrði fjallað um málefni allra atvinnugreina, alls atvinnureksturs í landinu, og unnið að því að skapa atvinnulífinu sem hagstæðust rekstrarskilyrði.

Með þessari skipan yrðu ráðuneyti Stjórnarráðs Íslands einungis átta talsins. Til yrðu þrjú ný og öflug ráðuneyti sem vænta mætti mikils af. Hin fimm ráðuneytin tækju hins vegar ekki miklum breytingum miðað við þessa útfærslu.

Markvissari og snarpari stjórnarhættar

Ríkisstjórn átta ráðherra ætti að verða skilvirkari og snarp-ari en tólf manna stjórn. Við hljótum að geta rekið 300 þús-und manna þjóðfélag með fámennari ríkisstjórn en nú er, t.d. þegar litið er til þess hvernig þessum málum er skipað hjá milljónaþjóðum í kringum okkur.

Eigi breytingar af þessu tagi að ná fram að ganga verður að hefja undirbúning án tafar. Best er að gera breytingar af þessu tagi í lok kjörtímabils þannig að nýskipan stjórnarráðsins taki gildi þegar ríkisstjórn tekur við að loknum kosningum. Með því móti er hægt að draga úr togstreitu sem gerir breytingar af þessu tagi yfirleitt torsóttar þegar fækka þarf í valdastöðum.

Alþingi þarf að fjalla um þessi mál strax næsta haust og setja lög sem taka gildi eftir næstu alþingiskosningar voríð 2007.

Úrslit kosninga

Helgi Magnússon var kjörinn formaður Samtaka iðnaðarins með rúmlega 90% atkvæða. Helgi tekur við formennsku af Vilmundi Jósefssyni en formaður er kosinn til árs í senn. Samkvæmt lögum SI getur formaður ekki setið lengur en sex ár samfleytt og var Vilmundur því ekki lengur kjörgengur þar sem hann hafði verið formaður í sex ár.

Helmingur stjórnar er kosinn á hverju ári til tveggja ára í senn. Að þessu sinni náðu kjöri þau Anna María Jónsdóttir og Ingvar Kristinsson, sem eru ný í stjórninni, og Þorsteinn Víglundsson. Hreinn Jakobsson gekk úr stjórninni þar sem hann var ekki lengur kjörgengur skv. sex ára reglunni og Halla Bogadóttir sem ekki gaf kost á sér til endurkjörs.

Fyrir í stjórninni eru þau Aðalheiður Héðinsdóttir, Hörður Arnarson, Loftur Árnason og Sigurður Bragi Guðmundsson.

Þeir sex, sem næstir því voru að ná kjöri til stjórnar, taka sæti í ráðgjafaráði. Það voru þeir Bolli Árnason, Helgi Jóhannesson, Jakob K. Kristjánsson, Karl Þráinsson, Sveinbjörn Hjálmarsson og Vigfús Kr. Hjartarson.

Kosningaþátttaka var góð eða rúm 73% en kosningin er



Helgi Magnússon og Vilmundur Jósefsson að lokinni kosningu

póstkosning sem fer fram dagana fyrir Iðnþing og eru atkvæði félagsmanna í samræmi við greidd félagsgjöld.

Stjórn Samtaka iðnaðarins hefur skipt með sér verkum og er Hörður Arnarson varaformaður en Aðalheiður Héðinsdóttir ritari.

Nýir stjórnarmenn í SI

Helgi Magnússon
stjórnarformaður
Eignarhaldsfélags
Hörpu ehf. Reykjavík



Helgi Magnússon er 57 ára viðskiptafræðingur og löggiltur endurskoðandi. Hann rak eigið endurskoðunar-fyrirtæki til ársins 1986, var ritstjóri Frjálsrar verslunar í fjögur ár og framkvæmdastjóri Hörpu hf. og Hörpu Sjafnar hf. eftir sameiningu fyrirtækjanna árið 2001, eða samtals í 12 ár. Helgi og með-eigendur hans seldu Flügger í Danmörku rekstur Hörðu Sjafnar hf. í árslok 2004 en hann er áfram stjórnarformaður fyrirtækisins á Íslandi. Frá þeim tíma hefur hann rekið Eignarhaldsfélag Hörpu ehf. sem er nú fjárfestingarfélag. Í tengslum við það á Helgi sæti í stjórnnum þriggja fyrirtækja sem eru aðilar að Samtökum iðnaðarins. Þau eru Bláa lónið, Skipasmíðastöð Njarðvíkur og Marel.

Helgi Magnússon sat í stjórn Samtaka iðnaðarins árin 1995 til 2001. Hann hefur auk þess m.a. átt sæti í stjórnnum Lífeyrissjóðsins Framsýnar, Íslenska líf-

eyrissjóðsins, Íslandsbanka, Þróunarfélags Íslands, Verslunarráðs Íslands, Snorra Þorfinnssonar ehf., Átaks til atvinnusköpunar og Íslensks markaðar. Hann var um árabil virkur í félagsstarfi hjá Knattspyrnufélaginu Val og var fyrsti varaformaður Valsmanna hf.

Eiginkona Helga er Arna B. Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur. Þau eiga þrjú börn á aldrinum 9 til 17 ára.

Anna María Jónsdóttir
stjórnarformaður
Lauga Spa, snyrti- og
nuddstofu ehf.



Anna María Jónsdóttir er fædd 5. september 1967. Hún stundaði almennt nám í Fjölbrotaskólanum í Breiðholti en fór að því loknu í snyrtifræði og brautskráðist þaðan sem snyrtifræðingur árið 1988.

Anna María stundaði nám við Florida School of Massage 1993 og Berger Institute of Production Technology árið 1994 og lauk meistaraþrófi í snyrtifræði árið 2005. Árið 2000 stofnaði hún eigið fyrirtæki, Salon Ritz ehf., en seldi þann

rekstur árið 2004 og stofnaði Snyrti- og nuddstofuna Laugar Spa ehf. í Laugahúsi í Laugardal.

Anna María hefur starfað að félagsmálum og setið í stjórn Félags íslenskra snyrtifræðinga síðastliðin 5 ár. Hún hefur gegnt formennsku í stjórn FÍSF undanfarin tvö ár.

Ingvar Kristinsson
þróunarstjóri
Landsteina Strengs
hf.



Ingvar Kristinsson er fæddur 1962. Hann starfar sem þróunarstjóri verslunarlausna hjá Landsteinum Streng og leiðir sölu og markaðssetningu fyrirtækisins á erlendum mörkuðum. Undanfarin 7 ár hefur Ingvar verið formaður Samtaka upplýsingatækniyrirtækja. Hann hefur setið í Vísinda- og tækniráði frá stofnun þess árið 2003 og þar áður tvö ár í Rannsóknarráði.

Ingvar varð stúdent frá Flensborgarskóla í Hafnarfirði árið 1981 og lauk prófi í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1985.

Nýsköpun í hnattvæddum heimi

Vilmundur lagði ríka áherslu á að stjórnvöld og atvinnulíf ákvæðu í samvinnu m.a. hvert hvernig atvinnulífið eigi að þróast á næstu árum. Síðan þurfi að móta framkvæmdaáætlun um hvernig best verði tryggt að starfsskilyrði hér verði þannig að íslensk fyrirtæki geti best byggt upp starfsemi hér á landi ekki síður en í öðrum löndum. „Hvorki stjórnvöld né samtök eiga að mæla fyrir um hvaða atvinnurekstur á að stunda eða hafa afskipti af honum og þaðan af síður á hið opinbera að fást við verkefni sem eru betur komin hjá einkaaðilum.“

Forgangsverkefni að draga úr sveiflum

„Allar nágrannaþjóðir okkar keppast um að auka menntun og rannsóknir og gæti þess jafnframt að almenn starfsskilyrði fyrir atvinnurekstur séu sem allra best og síst lakari en í nágranna- og samkeppnislöndum. Höfuðáherslan þar er lögð á að skapa sem flest hátæknistörf þar sem verðmætasköpunin stendur undir þeim kröfum sem við gerum um laun og lífskjör.“ Takist okkur ekki að treysta sveigjanleika á vinnumarkaði, auka verk- og tæknimenntun efla rannsóknir og þróunarstarf, stuðla að nauðsynlegri nýsköpun, tryggja okkur aðgang að erlendum mörkuðum til frambúðar, stöðugleika í verðlagi og gengisskráningu og eðlilegt vaxtastig hverfi fyrirtækin úr landi og þau bestu fari fyrst. „Þá höfum við orðið undir í samkeppninni um verðmætustu störf sem við þurfum mest á að halda. Þá hefur útrásin breyst í flótta, fyrst og gremst vegna hágengis og hárra vaxta. Það er algert forgangsverkefni að draga úr þessum sveiflum með öllum tiltækum ráðum. Í þessu felst stærsti vandi okkar og um leið mesta hættu í hörðum heimi hnattvæðingar.“

Vilmundur
Jósefsson
fráfarandi formaður



Sambúð stóriðju og hátækni iðnaðar

Vilmundur sagði að á síðustu árum hefði verið mikil uppbygging í ál- og orku-iðnaði og margir andstæðingar þess iðnaðar teldu að stóriðjan ryddi hátækni inni úr landi. Rekja mætti sterkt gengi krónunnar að nokkru leyti til þeirra framkvæmda en þar kæmi fleira til. Mörg önnur atriði í starfsskilyrðum hátækni iðnaðar væri brýnt að lagfæra en þau tengdust hvorki stóriðju né háu gengi krónunnar. „Gengisþróun síðustu misseri varð fyrirsjáanleg þegar ákvarðanir voru teknar í mars 2003 um stóriðju á Austurlandi. Þá þegar hefðu stjórnvöld átt að ráðast í mótvægisáðgerðir sem fólust í að bæta almenn starfsskilyrði annarra atvinnugreina sem vitað var að ættu undir högg að sækja. Mistekist hefur að samstillta stefnu og áðgerðir ríkis, sveit-



Fráfarandi formaður Vilmundur Jósefsson kveður iðnaðarráðherra Valgerði Sværissdóttur eftir sex ára samstarf

arfélaga og Seðlabanka varðandi stjórn peningamála og útgjalda. Það hefur leitt til of sterkrar krónu og of hárra vaxta.“ Þá sagði Vilmundur augljóst að starfsskilyrði hátækni iðnaðar væru lakari en stóriðjunnar að því leyti að stjórnvöld hefðu kappkostað að koma slíkum iðnaði á fót en á sama tíma hefði ekki verið hlúð nægilega að hátækni iðnaði. Hér yrði að gera bragarbót því að báðar þessar atvinnugreinar væru þjóðarbúinu mikilvægar og gætu sem best stutt hvor við aðra.

Arðsemi ráði

Vilmundur sagði að arðsemi og samkeppnishæfni ættu að ráða hvaða atvinnustarfsemi væri stunduð hér á landi og stjórnvöld yrðu að gæta jafnræðis og forðast sértækar áðgerðir sem yllu misvægi í atvinnulífinu. Það væri rangt að stilla atvinnugreinum upp sem óvinum eða andstæðingum eins og borið hefði á undanfarið hvað varða hátækni og stóriðju. Farsælast sé að láta markaðslögmálin ráða hvaða atvinnurekstur ráðist er í hverju sinni.

Hagsmunum Íslands best borgið með aðild að ESB

Vilmundur sagaðist taka heils hugar undir með forsætisráðherra að löngu væri tímabært að hleypa krafti í umræðuna um aðild Íslands að ESB. Þar muni SI ekki láta sitt eftir liggja frekar en hingað til. Skoðanir Samtaka iðnaðarins væru skýrar og flestum kunnar. Þau telja



hagsmunum Íslands best borgið með aðild að ESB og að evran verði tekin upp í stað íslensku krónunnar og ekki sé eftir neinu að bíða. „Við vitum alveg nóg um Evrópusambandið og evruna til þess að geta gert upp við okkur hvort aðild er æskileg eða ekki. Við munum hins vegar aldrei geta komist að því hvort samningar um aðild, sem við sættum okkur við takist nema láta á það reyna með því að sækja um aðild og hefja samningaviðræður.“

Standa verður vörð um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins

Vilmundur sagðist hafa nokkrar áhyggjur af Nýsköpunarsjóði Atvinnulífsins sem væri sérstakur fyrir margra hluta sakir. Atvinnulífið fari samkvæmt lögum með meirihluta stjórnar. Þar hafi mest sjónarmið stjórnvalda og atvinnulífs um nauðsyn þess að bregðast sameiginlega við þeim markaðsbresti sem væri á frumstigi áhættufjárfestinga. „Það er þreytandi að takast á við nýja og óþreytta embættismenn sem vilja rífa hann niður eða selja en þekkja ekkert til tilurðar hans og forsögu. Því teljum við tímabært að tryggja sjálfstæði hans enn frekar, t.d. sem sjálfseignarstofnunar eða hlutafélags. Við getum ekki sætt okkur við að sjóðurinn sé notaður sem skiptimynt þegar kemur að því að leysa vanda Byggðastofnunar.“

Í lok ræðu sinnar gat Vilmundur þess að hann léti nú af formennsku í stjórn Samtaka iðnaðarins eftir að hafa gegnt því starfi í 6 ár og þakkaði starfsmönnum þeirra fyrir samstarfið og óskaði SI og íslenskum iðnaði velfarnaðar og farsældar um langa framtíð.

Útdráttur úr ræðu Vilmundar Jósefssonar, sjá nánar á www.si.is

Útdráttur úr ræðu Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra

Áhrif hnattvæðingar á íslenskt efnahags- og atvinnulíf

Halldóri var hnattvæðingin ofarlega í huga í ræðu sinni á Iðnþingi. Hann sagði að henni væri ýmist hampað eða hallmælt en í henni fælust jafnt tækifæri sem áskoranir og taldi að íslenskt efnahags- og atvinnulíf hefðu notið einkar góðs af þeim straumum og stefnum sem að jafnaði væru talin fylgifiskar hnattvæðingar. Þar á meðal væru einkavæðing fyrirtækja í samkeppnisrekstri, breytingar sem gerðar hefðu verið á skattumhverfinu og aðild okkar að EES. Þessar aðgerðir hefðu verið óhjákvæmilegar til að íslensk fyrirtæki gætu nýtt sér tækifærin sem felast í hnattvæðingunni og hann sæi ekki betur en fyrirtækin hefðu nýtt sér þau tækifæri til fullnustu.

Óflug fjármálafyrirtæki forsenda þátttöku í hnattvæðingunni

Í ljósi þess skyti skökku við sú neikvæða umræða innanlands sem utan um stöðu íslenska bankakerfisins og staðreyndin væri sú að staða bankanna væri mjög traust. Ein helsta forsenda þess að Íslendingar geti tekið þátt í hnattvæðingunni væru óflug fjármálafyrirtæki og hann væri ekki sammála því að bankar og fjárfestar hefðu farið of geyst og ekki kunnað fótum sínum forráð. Styrkur íslenskra fyrirtækja í útrásinni er ekki síst sá að þau hafa kjark og burði til að taka skjótar ákvarðanir.

Engar ákvarðanir teknar um frekari stóriðjuframkvæmdir

Þá gerði Halldór umræðuna um hug-

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra



sanlegar stóriðjuframkvæmdir að umtalsefni og sagði m.a. að engar ákvarðanir hefðu verið teknar um þær enn sem komið væri. Ef til kæmi yrðu þær vandlega tímasettar með tilliti til áhrifa á efnahagslífið og aðrar atvinnugreinar. Hann taldi líka mjög villandi að tala um stóriðju og hátæknigreinar sem tvo andstæða póla enda væru stóriðjufyrirtækin háþrúð og afar tæknivædd með vel menntað og vel launað starfsfólk. Að sínu viti er líka sjálfgefið að hlutur þjónustu- og hátæknigreina eykst á komandi árum og að því er stefnt. Það þýðir þó ekki að uppbygging í hefðbundnum framleiðslugreinum stöðvist enda getur uppbygging hvorra tveggja vel farið samhliða.

Nýsköpun og menntun undirstaða vaxtar

Halldór ítrekaði ennfremur mikilvægi menntunar fyrir framþróun í íslensku atvinnulífi og sagði að nemendum á háskólastigi hefði fjölgað um 75% á tæpum tíu árum. Háskólar byggju nú fleiri nemandur en nokkru sinni áður undir störf sem krefjast vísindalegra vinnubragða. Undir merkjum Vísinda- og tækniráðs hefðu stjórnvöld meira en tvöfaldað framlög til opinberra samkeppnisjóða á síðustu þremur árum.

Stuðningur við atvinnulífið

Þá væri verið að stokka upp skipulag og starfsemi rannsóknastofnana ríkisins til að efla nýsköpun í atvinnulífinu og stjórnvöld hefðu ákveðið að verja 2,5 milljörðum króna í sama skyni. Nýlega hefði ríkisstjórnin ákveðið að ráðast í skattalegar umbætur sem nýtast muni sérstaklega fyrirtækjum á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar og skipuð yrði nefnd sem á að leggja mat á reynslu annarra þjóða af því að veita slíkum fyrirtækjum skattaávilnanir.

Halldór sagði eðlilegt að skoða frekar þann þátt VSK kerfisins sem getur leitt





Útdráttur úr ræðu Valgerðar Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra á Iðnhþingi

Efling íslensks atvinnulífs

Framhald:

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra til óeðlilegs samkeppnisforsokts opinberra stofnana og annarra sem standa utan kerfisins og birtist m.a. í uppbyggingu tölvudeilda innan opinberra stofnana en það gengi í berhögg við þá stefnu stjórnvalda að bjóða út þess konar þjónustu. Ennfremur stæði fyrir dyrum endurskoðun á stjórnarráðinu í því augnamiði að laga skipan ráðuneyta að breyttum þjóðfélagsháttum og þörfum atvinnulífsins.

Staða Íslands í alþjóðasamfélaginu

Undir lok ræðu sinnar sagði forsætisráðherra að framtíðarsýn fyrir atvinnulífið á Íslandi og staða okkar í hinum hnattvædda heimi tengdust umræðu um aðild Íslands að ESB. „Ég hef nýlega spáð því að Ísland yrði fullgildur aðili að sambandinu árið 2015. Tíminn einn leiði það í ljós en stend stend við þann spádóm minn og tel að ráðandi þáttur í ákvarðanatöku okkar verði þróun myntbandalagsins.“ Taki Bretar, Danir og Svíar upp evruna verði þrjú fjórðu af vöruútflutningi okkar vera í evrum og þá verði sveiflur í gengi íslensku krónunnar vandamál ekki síður en nú í hinu hnattvædda kerfi það sé skylda okkar allra að velta fyrir okkur stöðu Íslands í hnattvæðingunni og hvernig hagsmunum okkar verði best fyrir komið í framtíðinni. Sjá nánar á www.si.is

Í ræðu sinni lagði Valgerður áherslu á það stefnumótunarstarf sem unnið hefði verið að í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og lýtur að eflingu íslensks atvinnulífs. Sú vinna hefur aðallega snúið að endurskipulagningu á öllu því stuðningsumhverfi atvinnulífsins sem fellur undir verksmið ráðuneytisins.

Gömul skilgreining atvinnuvega hefur hamlað þróun þeirra

Valgerður sagði m.a. að starfsemi rannsóknastofnana atvinnuveganna hefði í meginatriðum verið mótaðar fyrir 40 árum en starfsemi þeirra hefði verið sniðin að þröngri skilgreiningu atvinnuvega. „Sú skilgreining hefur illa staðist tímans tönn og hamlað þróun þeirra. Nýjar atvinnugreinar hafa ekki fylgt þeirri afmörkun og í raun hefur krafturinn verið hvað mestur í greinum sem hafa gengið þvert á fyrrgreinda skiptingu eins og upplýsingatækni iðnaður og líf-tækni iðnaður eru gott dæmi um.“

Valgerður sagði að ná þyrfti enn meiri árangri og fernt knýði á um það.

- Í fyrsta lagi væri þörf fyrir nýjar áherslur í rannsóknum og tækniþróun og skapa svigrúm fyrir rannsóknir á nýjum fræðasviðum sem muni hafa afgerandi áhrif á tækni- og atvinnuþróun næstu ára, s.s í efnis og örtækni.
- Í öðru lagi væri mikilvægt að tengja saman rannsóknir sem nú væru dreifðar en gætu skapað samlegðaráhrif með meiri nálægð eða með sameiningu.
- Í þriðja lagi þyrfti að styrkja rannsóknastofnanir og gera þær áhuga-verðari samstarfsaðila fyrir sambærilega erlenda rannsóknaaðila og fyrirtæki.
- Í fjórða lagi þyrfti að taka tillit til krafna íslensks atvinnulífs í stefnumótun og verkefnavali þar sem þær væru aðrar en áður var.

Þekkingarsetur í Reykjavík sem og úti á landsbyggðinni

Þá sagði Valgerður að í ráðuneyti hennar væri talað um þekkingarsetur. Þar væri vísað til nábylis og samstarfs háskóla-kennslu og rannsókna, opinberra rannsóknastofnana, nýsköpunarmiðstöðvar, starfsemi sprotafyrirtækja en ekki síður sterkra þekkingarfyrirtækja. Hugmyndin

Valgerður Sverrisdóttir
iðnaðarráðherra



um þekkingarsetur ætti við um höfuðborgarsvæðið en einnig nokkra staði á landsbyggðinni.

Breyttar áherslur í starfsemi Vísinda- og tækniráðs

Valgerður sagði að starfsemi Vísinda- og tækniráðs hefði borið góðan árangur en álitlegt væri að færa út starfsemi ráðsins og fjalla um atvinnuþróun í víðara samhengi en gert hefði verið en einskorða hana ekki við vísindi og tæknipróun. Niðurstaðan gæti orðið heildstæð stefna ríkisstjórnarinnar um vísindi, nýsköpun og atvinnuþróun. Mótun þeirra hugmynda væri á lokastigi og undirtektir hagsmunaaðila hefðu almennt verið mjög jákvæðar.

Orkufrekur iðnaður líka uppspretta nýrra tækifæra

Valgerður sagði að mikil umræða færi nú fram í Þjóðfélaginu um svokallaða stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Í því samhengi mætti ekki gleymast að orkufrekur iðnaður væri ekki síður nýsköpunar- og atvinnuþróunarmál en margt af því sem hún hefði þegar vikið að. Virkjun fallvatna og álframleiðsla hefðu verið fyrstu hátæknigreinarnar í íslensku atvinnulífi og væru enn uppspretta nýrra tækifæra á sviði rannsókna og þróunar. „Vissulega verði að horfast í augu við tímabundna erfiðleika af völdum mikilla umsvifa í Þjóðfélaginu - ekki síst styrks krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðli, vaxandi verðbólgu og viðskiptahalla en hágengið og aukin verðbólga verða ekki nema að hluta rakin til virkjana- og álversframkvæmda.“

Tilboðinu um Þriðju stoðina vel tekið

Í lok ræðu sinnar rifjaði Valgerður upp að Samtök upplýsingatæknifyrirtækja hefðu afhent sér tilboð sem nefnt hefði verið Þriðja stoðin. Hún sagði að stjórnvöld hefðu tekið tilboðinu vel og þau hefðu í samvinnu við iðnaðinn lagt sig fram um að hringa í framkvæmd aðgerðum sem muni bæta almenn starfskilyrði fyrirtækja hér á landi - ekki hvað síst í hátækniíðnaði. Ýmislegt hefði þegar áunnist og annað í þeim farvegi að vænta mætti frekari aðgerða á næstunni.

Starfshópur um fjármögnun nýsköpunar hefði þegar skilað tillögum sínum en þær miðuðu einkum að skattalegum umbótum sem taldar væru nauðsynlegar til að auka aðgang nýsköpunarfyrirtækja að áhættufjármagni. Markviss stuðningur hins opinbera og einkaframtaks við nýsköpun skipti án vafa miklu máli í þeirri baráttu að íslensks samfélag verði áfram í fremstu röð í hnattvæddum heimi.

Sjá nánar á www.si.is



Mikilvægt að færa sér hnattvæðinguna í nyt

Hans Skov Christensen sagðist þakklátur fyrir að fá að deila hugmyndum sínum og reynslu af því sem felst í hnattvæðingunni. Hann sagði m.a. augljóst að bæði norræn og önnur evrópsk iðnfyrirtæki sjái fram á mikla ögrun um þessar mundir. Brýnt sé að öll samtök iðnfyrirtækja leggi sig fram um að gera bæði almenningi og stjórnmalá mönnum sem best ljóst hvernig þau tækifæri, sem felast í hnattvæðingunni, nýtist sem best.

Hans Skov sagði að skoðanakannanir sem gerðar voru í Danmörku fyrir hálfu öðru ári hafi leitt í ljós almenningi fyndist hnattvæðingin ógnvekjandi. Tveir af hverjum þremur Dönnum hefðu viljað að stjórnmalámennt stöðvuðu hnattvæðinguna. Það hefði þó hvorki verið æskilegt né gerlegt. Þess vegna afréðu Samtök danskra iðnfyrirtækja að breyta afstöðu almennings til málsins.

Hans Skov gerði að umræðuefni skýrslu DI: „Ready for Globalization“ þar sem Ísland fékk góða einkunn. Hann sagði að Íslendingum hefði tekist að skapa heilbriggt viðskiptaumhverfi sem hefði leitt til mikils hagvaxtar og aukinnar velmegunar. Auk þess væri atvinnustigið hátt hér á landi eða um 90% sem væri mjög athyglisvert. Í Danmörku væri atvinnuþátttakan um 82% en auk þess hefði Íslendingum tekist að halda

82% þeirra sem eru á aldrinum 55-65 ára á vinnumarkaði en í Danmörku væru aðeins 58% fólks á þeim aldri enn á vinnumarkaði.

„Síðast en síst hafa umbætur í skattamálum átt einna mestan þátt í að efla viðskiptalífið og auka hagvöxt hér á landi á sl. 10 árum og gert Íslendingum kleift að ná fótfestu erlendis og auka áhuga erlendra fjárfesta á að fjárfesta hér á landi.“

Styrkur Dana fælist hins vegar ekki síst í miklum sveigjanleika á vinnumarkaði en hann hefði náðst með samningum milli aðila vinnumarkaðarins og án nokkurra afskipta stjórnmalámannt enda spilltu þeir yfirleitt gagnkvæmum trúnaði í slíkum samningum. Lagasetning hefði verið óþörf til að ná umræddum sveigjanleika sem væri fyrirtækjum nauðsyn til að geta lagað sig að breyttum aðstæðum og nýjum tækifærum.

Hans Skov dró ekki dul á að fjölmiðlar hefðu átt sinn þátt í neikvæðri afstöðu Dana til hnattvæðingarinnar með því að einblína á neikvæðar hliðar hennar og því hefði verið nauðsyn að breyta. „Við verðum að auka skilning á að hnattvæðingin er jákvæð og kemur okkur öllum við,“ sagði Hans Skov. „Þess vegna ákvað Dansk Industri að taka þátt í að marka stefnu til að bregðast við hnattvæðingunni og ráðast í áttak til að breyta



Framhald: Hans Skov Cristensen framkvæmdastjóri DI

afstöðu almennings til hennar. Nokkrir þjóðfrægir Danir lögðu áttakinn lið m.a. með því að segja álit sitt á hnattvæðingunni og fyrirtæki buðu almenningsi í heimsókn til að ræða málin. Ennfremur voru skipulagðir fundir með hluthöfum sem fengu að taka þátt í stefnumótun um hvernig bregðast skyldi við hnattvæðingunni. „Átakið þótti takast afar vel en ekki síst vegna þess að áhugi fjölmiðla vaknaði og í kjölfarið breyttist afstaða þeirra til muna. „Nú birtast fleiri jákvæðar frásagnir í fjölmiðlum af tækifærum erlendis en nokkru sinni fyrr og það hefur líka orðið til að breyta afstöðu almennings til hnattvæðingarinnar.“

Hans Skov taldi mikilvægt að almenningsur í hverju landi fái að taka þátt í opinberri umræðu til að skapa skilning á því verkefni sem við blasir að laga sig að og bregðast stöðugt við nýjum aðstæðum. „Aðalatriðið er að líta á hnattvæðinguna sem tækifæri en ekki ógnun og færa sér hana í nyt í stað þess að óttast hana,“ sagði Hans Skov Christensen.

Sjá nánar á www.si.is

Útdráttur úr ræðu Helga Magnússonar formanns SI á Iðnþingi

„Ný stjórn tekur við góðu búi“

Helgi Magnússon, nýkjörinn formaður SI, ávarpaði Iðnþing og sagði m. a. að ný stjórn Samtaka iðnaðarins tæki við góðu búi. Innan þeirra raða væri fjöldi iðnmeistara og stórra sem smárra fyrirtækja en styrkur Samtakanna lægi ekki síst í breiddinni en hún gæti líka haft í för með sér vandamál en þau væru einungis viðfangsefni til að leysa. Hlutverk SI væri m.a. að samræma ólík sjónarmið og vinna með öllum félagsmönnum. Þegar hagsmundir fari ekki saman sé reynt að miðla málum og þeir sem til þekkja viti að farsælla sé að skiptast á skoðunum á sameiginlegum vettvangi og komast að ásættanlegri niðurstöðu og í því m.a. fælist styrkur SI.

Sömu starfsskilyrði fyrir alla

Helgi sagði að atvinnureksturinn ætti almennt að sækjast eftir sömu starfsskilyrðum og þeir sem næðu bestum samningum í stað þess að horfa öfundaraugum til þeirra sem best tækist til í því efni. Íslendingar þurfi að nýta allar auðlindir sínar ef áfram á að halda uppi lífsgæðaþjóðfélagi, miklum hagavexti og áframhaldandi góðæri. Til þess þurfi að nýta hugvit, frumkvæði fólks og nýta auðlindir náttúrunnar hverju nafni sem þær nefnast en við eigum ekki að þurfa að velja á milli.

Verkefni SI mikilvæg og andasöm

„Verkefni SI framundan eru mikil, mikilvæg og um margt vandasöm.“ Áfram verði spurt hvort Íslendingar eigi að sækjast eftir inngöngu í Evrópusambandið. Komi til þess verði meginástæðan sú að íslenska krónan valdi miklum vanda og dragi úr stöðugleika enda hafi það sýnt sig á undanföllum mánuðum og misserum að við getum ekki reitt okkur á hið smáa myntkerfi til frambúðar. „Menn velta því fyrir sér hvort við getum tekið upp evru eða tengst henni eins og Danir en í nýlegri skýrslu hagsfræðistofnunar HÍ um fyrirkomulag gengismála segir að það sé ekki hægt nema ganga fyrst í ESB. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur hins vegar varpað því fram að við eigum að semja beint um upptöku evru og stytta okkur þar



Helgi Magnússon
formaður SI

með leið. Ráðherrann hafi hins vegar fengið kaldar kveðjur vegna þessa. Hugmynd af þessu tagi muni að endingu væntanlega snúast um pólitískan vilja eins og reyndin var þegar Íslendingar gengu í EES.“

„Treystum á okkur sjálf“

Helgi sagði spennandi tíma framundan í iðnaðinum og miklu varði hvernig til tekst. Íslendingar fáist við óeðlilega sterka krónu, allt of háa vexti, mikla þenslu og viðskiptahalla en á móti komi mikill hagvöxtur og framfarahugur í þjóðfélaginu. Fyrir liggir að náðst hafi svo mikill árangur í atvinnulífinu almennt að íslensku þjóðfélagi hafi verið umbylt á nokkrum árum og það svo að varkárir menn stígi fram og segi okkur að ganga hægt um gleðinnar dyr. Í lokin hvatti Helgi til eftirfarandi: „Stöndum okkur í hagsmunagæslunni fyrir félagi á SI án þess að verða græðgisvæðingunni og peningahyggjunni að bráð en umfram allt treystum á okkur sjálf annars gerist ekki neitt!“



Frá pöllborðsumræðum

Ójöfn starfsskilyrði

Sveinn: Eigum við að hanga á girðingunni hjá þeim sem hafa fengið ívilnanir eða eigum við að heimta það sama?

Helgi: Við eigum ekki að öfundast út í þá samninga sem stórfyrirtækin hafa náð. Við eigum að sækjast eftir alennum kjörum. Sérkjör annarra eiga að verða okkur hvatning til að berjast fyrir niðurfellingu vörugjalda og tolla. Við eigum að horfa til þess sem best tekst til og reyna að ná því sem víðast en ekki að hanga á girðingunni eins og Sveinn nefndi.

Valgerður: Það hefur verið nokkuð í umræðunni að stóriðjufyrirtækin fái það sem aðrir fá ekki. Það er á grundvelli þess að þau eru úti á landsbyggðinni og því með leyfi ESA. Landsbyggðin byrjar í Hvalfirði og endar í Grindavík.

Gunnlaugur: Ég er á móti sértækum aðgerðum og ívilnunum fyrir alla.

Ályktun Iðnpings - 17. mars 2006

Atvinnustarfsemi er undirstaða velferðar hvers þjóðfélags. Mikilvægast er að efnahagslegur stöðugleiki sé tryggður með náinni samvinnu ríkis, sveitarfélaga og Seðlabanka. Öll ríki keppast um að búa atvinnulíf sitt sem best undir að takast á við hnattvæðinguna og nýta þau tækifæri sem í henni felast. Stjórnvöld og samtök í atvinnulífi þurfa í sameiningu að móta stefnu um þróun atvinnulífsins í opinni og óheftri samkeppni framtíðarinnar. Hvorki stjórnvöld né samtök eiga hins vegar að mæla fyrir um hvaða atvinnurekstur á að stunda eða hafa bein afskipti af honum. Enn síður á hið opinbera að sinna verkefnum sem eru betur komin hjá einkaaðilum og gætu þar leitt til meiri ávinnings fyrir báða aðila. Hlutverk stjórnvalda er að skapa starfsskilyrði til að hér verði framsækið og samkeppnishæft atvinnulíf sem skilar miklum virðisauka. Leggja ber áherslu á að laða hingað til lands og halda fast í störf sem skapa nauðsynleg verðmæti til að standa undir þeim kröfum sem við gerum um laun og líf skjör.

Arðsemi og samkeppnishæfni eiga að ráða hvaða atvinnustarfsemi er stunduð hér á landi og stjórnvöld verða að gæta jafnræðis og forðast sértækar aðgerðir sem valda misvægi í atvinnulífinu. Mistök í sameiginlegri hagstjórn ríkis, sveitarfélaga og Seðlabanka eiga stærstan þátt í þeim vanda sem samkeppnis- og

útflutningsgreinarnar eiga við að etja. Því er rangt að stilla hátækni og stóriðju upp sem andstæðum eins og borið hefur á undanfarið.

Stoðkerfi atvinnulífsins þarf að taka til endurskoðunar. Það á að vera almennt og gegnsætt. Sértækar aðgerðir til stuðnings atvinnulífi, sem byggjast á mismunun fyrirtækja eftir staðsetningu eða atvinnugreinum, eru hvorki vænlegar til árangurs né í takt við tímann. Markmiðin eiga að vera skýr og samræmd. Einingarnar eiga að vera nægilega öflugar til þess að sinna hlutverki sínu og verkaskipting skýr milli þriggja stoða sem eru styrkjakerfi, ráðgjöf og áhættufjárfestingar. Endurskipulagningin á ö hvíla á hornsteinum á borð við Tækniþróunarsjóð og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Halda á áfram að efla Nýsköpunarsjóð og auka sjálfstæði hans undir stjórn atvinnulífsins. Lagst er gegn öllum hugmyndum um að leggja sjóðinn undir nýja ríkisstofnun.

Hverfa verður frá hólfaskiptingu stjórnarráðsins sem ber svip af atvinnulífi liðinnar aldar. Eitt atvinnuvegaráðuneyti þarf til að auka skilvirkni í stoð- og starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Núverandi skipan er löngu úrelt, hefur margvísleg neikvæð áhrif á ákvarðanir stjórnvalda og veldur skaða og mismunum í atvinnulífinu.

Myndir frá Iðþing



Fundarstjóri Iðþings Guðmundur Sveinsson framkvæmdastjóri Héðins hf.



Vilhjálmur Eglisson, framkvæmdastjóri SA, Richard Starkweather, forstjóri Norðuráls, og Helgi Magnússon, formaður SI, eftir að skrifað var undir inngöngu Norðuráls í SI og SA

Norðurál í Samtökin

Norðurál gekk nýlega í Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins en gengið var formlega frá inngöngu fyrirtækisins á fundi stjórnar SI 28. mars. Þetta er mikið ánægjuefni enda er Norðurál eitt af stærstu iðnfyrirtækjum landsins.

Framleiðslugeta fyrirtækisins er nú rúm 90.000 tonn en í febrúar síðastliðnum var straumi hleypt á fyrstu kerin í nýjum kerskálum álversins. Síðar á þessu ári verður alls verður bætt við 260 nýjum kerum sem auka framleiðslugetuna í 220.000 tonn. Eftir stækkunina munu um 360 manns vinna hjá fyrirtækinu. Þegar núverandi framkvæmdum lýkur, verður öll grunngerð fyrir hendi til að

auka framleiðslu Norðuráls í 260.000 tonn. Fyrirhugað er að þeirri framkvæmd ljúki árið 2008 en hún er háð tilteknum skilyrðum.

Nú eru öll álfyrirtækin, Norðurál, Alcan og Alcoa Fjarðaál í Samtökum iðnaðarins ásamt Íslenska járnblendifélaginu. Saman mynda þessi fyrirtæki sterkan hóp með margvíslega sameiginlega hagsmunum sem Samtök iðnaðarins munu vinna að.

Bjarni Már Gylfason



Myllan, ehf. sem er fyrirtæki með blandaðan rekstur bæði í málmiðnaði og verktakastarfsemi, er hundraðasta fyrirtækið innan Samtaka iðnaðarins sem tekur upp gæðakerfi SI.

Fyrirtækið hóf starfsemi árið 1976 og þá í verktakastarfsemi en árið 1988 var rekstri vélaverkstæðis bætt við starfsemi. Myllan er til húsa að Miðási 12 - 14 á Egilsstöðum í um 1400 fermetra húsnæði.

Vélaverkstæðið hefur vaxið talsvert á síðustu árum og á síðasta ári var verkstæðisbyggingin stækkuð um 500 fermetra, auk þess sem véla og tækjakostur verkstæðisins hefur verulega verið bættur. Á vélaverkstæðinu starfa nú um 8 - 10 málmiðnaðarmenn, aðallega vélvirkjar, en einnig nokkur fjöldi verkamanna með mjög langa starfsreynslu í málmiðnaði. Þá hefur blikksmiði verið vaxandi hjá fyrirtækinu í tengslum við miklar byggingaframkvæmdir á Héraði og öllu Mið - Austurlandi á síðustu misserum.

Stærstu viðskiptavinir fyrirtækisins hafa verið Vegagerðin og sveitarfélög á starfssvæði þess. Nú starfa hjá Myllunni rúmlega 30 manns.

Unnar Elísson, framkvæmdastjóri, var spurður hvers vegna fyrirtækið hefði ákveðið að ráðast í að taka nú upp gæðastjórnunarkerfi.

„Það eru nú margar ástæður fyrir því. Með tilkomu stórra alþjóðlegra fyrirtækja á starfssvæði okkar eru gerðar til okkar auknar kröfur um skipulagðari vinnubrögð og bættu stjórnunarhætti og þeim kröfum ætla ég að mæta. Ég vil tryggja eins vel og kostur er að fyrirtæki mitt standi ávallt undir væntingum viðskiptavinnanna. Síðan er því ekki að neita að krafan um að fyrirtæki séu með virka gæðastjórnun fer einnig vaxandi meðal allra stærri viðskiptavina okkar.

Stöðugt stærri fyrirtæki á starfssvæði

Hundraðasta fyrirtækið með gæðakerfi SI



Unnið við Vegskála Faskrúðsfjarðarganga

okkar gera einnig kröfu um öflugri þjónustuaðila og þeim kröfum vil ég geta mætt. Ég ætla að byggja fyrirtækið áfram á þessum tveimur meginlinum í starfsemi, þ.e. alhliða málmiðnaði og verktakastarfsemi. Að sumu leyti eru þetta ólíkar greinar en fara vel saman rekstrarlega. Nú erum við með hátt í 40 vinnuvélar af mismunandi gerðum sem kalla á mikla þjónustu. Við þurfum því á öflugri vélaverkstæði að halda til að þjónusta okkar vélar og tæki og þá fer vel á því að bjóða öðrum viðskiptavinum einnig þjónustu í vélsmíði og almennri

málsmíði og við höfum að undanförunni verið að bæta tækjakost okkar á því sviði og stækka húsnæðið.

Aukin umsvif og að sumu leyti ný verkefni kalla einnig bætt skipulag rekstrarins og í tengslum við þá vinnu, sem í hönd fer, er ætlunin að taka einnig þar til hendinni. Það er von okkar að gæðastjórnunarkerfi Samtaka iðnaðarins verði okkur góður stuðningur í þeirri vinnu,“ segir Unnar.

Asgeir Magnússon

Aðalfundur LABAK 2006

Aðalfundur Landssambands bakarameistara, haldinn 4. mars sl. mótmælir harðlega þeirri miklu hækkun sem orðið hefur á verði á raforku til bakaríá frá því að ný orkulög tóku gildi.

Ný raforkulög tóku gildi í byrjun árs 2005. Við það breyttust taxtar sem orkufyrirtæki á öllu landinu innheimta eftir. Stærstur hluti raforkunotkunar í bakaríum fer fram á þeim tíma sólarhrings þegar almenn orkunotkun er í lágmarki. Bakarí hafa hingað til notið betri kjara af þeim sökum gegn því að

hægt væri að rjúfa rafmagn til þeirra á öðrum tímum sólarhringsins. Við breytingar á orkulögum var þeim samningum rift með einu pennastriki og við það hækkaði rafmagnsverð til bakaríá um allt að 50%. Þessar hækkunir hafa smám saman verið að koma í ljós frá því að nýju orkulögin tóku gildi og það hefur óhjákvæmilega komið fram í herra vöruverði.

Bakarameistarar telja þessa hækkun ekki vera í samræmi við þann vilja stjórnvalda að lækka verð á matvælum og hvetja orkusala til að koma til móts við óskir bakara um að leita leiða til að lækka orkuverð.



Nánari upplýsingar veita Reynir Carl Þorleifsson, formaður Landssambands bakarameistara, í síma 564 4700 eða 899 4888 og Bryndís Skúladóttir, Samtökum iðnaðarins í síma 591 0100 eða 824 6113.

Íslenska ánægjuvogin 2005

Ölgerðin í fyrsta sæti fimmta árið í röð

Niðurstöður mælinga Íslensku Ánægjuvogarinnar fyrir árið 2005 voru kynntar á fjölmönnum kynningar- og fjölmiðlafundi á Grand Hótel 7. mars.

Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir hjá IMG Gallup kynnti niðurstöðurnar sem sýna að ánægja viðskiptavina minnkar í flestum atvinnugreinum milli síðustu tveggja ára þó einstaka fyrirtæki taki stökk upp á við. Hún gerði þó þann fyrirvara að breytingar milli ára gætu að hluta verið vegna þess að skalinn, sem notaður var á síðasta ári, hefur breyst lítillega - eða úr núll til tíu í einn til tíu.

Helstu niðurstöður mælinga 2005 eru eftirfarandi:

Í flokki framleiðslufyrirtækja var Ölgerðin Egill Skallagrímsson í fyrsta sæti með 76,10 stig og uppskar sem fyrr mestu ánægju allra fyrirtækja en lækkaði þó talsvert frá fyrra ári eða um þrjú stig. Þetta er í fimmta sinn í röð sem Ölgerðin er í fyrsta sæti í þessari mælingu.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, var að vonum ánægður með niðurstöðuna. Hann sagði að árangurinn mætti m.a. þakka hæfu starfsfólki, traustu vörumerki og metnaði til að viðskiptavinirnir fengju meira út úr viðskiptum sínum við fyrirtækið en væntingar



Davíð Lúðvíksson
forstöðumaður

þeirra segðu til um. Niðurstaðan væri mikil traustsýfirlýsing við fyrirtækið.

Í flokki banka og sparisjóða varð Sparisjóðurinn efstur sjöunda árið í röð með 74,8 stig, en lækkaði um 3,5 stig frá fyrra ári.

Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri, sagðist vera í sjöunda himni með árangur sparisjóðanna. „Við leggjum metnað okkar í persónulega þjónustu við viðskiptavinum okkar en íslenska fasið skiptir líka máli.“

Í flokki tryggingafélaga, varð Tryggingamiðstöðin efst með 71,5 stig og hækkaði um 1,4 frá fyrra ári. Tryggingamiðstöðin tók efsta sætið af VÍS sem varð efst í flokki tryggingafélaga árið 2004.

Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri hjá Tryggingamiðstöðinni, sagði þetta ánægjuleg tíðindi og þakkar viðskiptavinum TM það traust sem þeir sýna fyrir-

tækinu. Þetta staðfesti enn fremur niðurstöðu annarra kannana og mælinga um að helsti styrkur TM væri sú þjónusta sem fyrirtækið veitti.

Í flokki veitufyrirtækja, þ.e. raforku og símafyrirtækja, varð Hitaveita Suðurnesja í fyrsta sæti fjórða árið í röð með 71,3 stig en lækkaði um 2,3 stig frá fyrra ári. Athygli vekur að mikil lækking er á ánægju viðskiptavina símafyrirtækja og Orkuveitu Reykjavíkur í þessum flokki, eða um og yfir 6 stig.

Júlíus Jónsson, framkvæmdastjóri Hitaveitu Suðurnesja, sagði að árangurinn mætti þakka frábæru starfsfólki og góðri samvinnu allra sem sjá um samskipti við viðskiptavinum fyrirtækisins og ímyndin væri greinilega góð.

Í flokki smásöluvirkja, þ.e. olíufélaga, stórmarkaða og ÁTVR, varð ÁTVR í fyrsta sæti með 69,5 stig en fyrirtækið hækkaði sig mest allra fyrirtækja í mælingunni í ár eða um 3,1 stig. Önnur fyrirtæki í þessum flokki lækka talsvert milli ára ef frá er talið Nóatún sem lækkar aðeins lítillega og er nú í öðru sæti með 68,0.


„Vínbúðirnar hafa lagt aukna áherslu á fræðslu og þjónustu m.a. með reglulegum þemadögum en einnig hefur mikil áhersla verið lögð á að mæla og meta ánægju viðskiptavinnanna,“ sagði Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR.

Jan Eklöv, prófessor við Viðskiptaháskólann í Stokkhólm, ræddi á kynningarfundinum um Evrópsku árangurs- og ánægjuvögina EPSI (European Performance and Satisfaction Index) en hún hefur verið í þróun frá árinu 1999. Í erindi sínu lagði Jan áherslu á þann mikilvæga lærdóm sem felst í samannburði af þessu tagi milli landa. Íslenska ánægjuvogin hefur tekið þátt í þessu samstarfi frá upphafi. Í evrópskum samannburði hafa íslensk fyrirtæki í mörgum greinum verið í fremstu röð en taka nú nokkra dýfu í mælingunum 2005 ásamt Finnnum.

Íslenska ánægjuvogin er félag, sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvís og IMG - Gallup standa að hvað varðar þátttöku í Evrópsku ánægjuvöginu.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Lúðvíksson hjá SI í síma 5910114/8246114, netfang david@si.is.

Ánægjuvög atvinnugreina - Þróun



Ráðstefnan

Heilbrigður útboðsmarkaður?

Fimmtudaginn 16. mars sl. stóðu Samtök iðnaðarins fyrir ráðstefnu þar sem spurt var hvort íslenskur útboðsmarkaður væri heilbrigður. Markmiðið með ráðstefnunni var komast að því hvað verktökum finnst um að starfa í núverandi útboðsumhverfi. Kristrún

Nýir félagsmenn

Verktaka og ráðgjöf

Nökkvavogi 4

104 Reykjavík

Byggingaverktaki/pípulagnir

Ingileifur Jónsson ehf.

Funahöfða 6

110 Reykjavík

Jarðvinnuverktaka

Burkney ehf.

Klapparhlíð 16

270 Mosfellsbæ

Jarðvinnuverktaka

Norðurál ehf.

Grundartanga

301 Akranesi

Stóriðja

Hraðhreinsun Austurlands ehf.

Miðási 7b

Egilsstöðum

SI

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
3/4. tbl. 12. árg. Mars/April 2006
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 04.04.2006
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán, Kristján Maack

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Heimisdóttir, lögfræðingur SI, fjallaði um lausn ágreiningsmála, Erlendur Gíslason, hrl. hjá LOGOS lögmannsþjónustu, fjallaði um ábyrgðir, Kolbeinn Kolbeinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Ístaks, ræddi um útboðslýsingar, Haukur Magnússon, framkvæmdastjóri hjá ÍAV um verklýsingar og Mikael J. Traustason, byggingatæknifræðingur hjá Fjölhönnun verkfræðistofu fjallaði um hlutverk framkvæmdaefitirlits. Fundarstjóri var Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri BM Vallár hf. og stjórnarmaður í Samtökum iðnaðarins.

Meðal fundarmanna, sem voru vel á annað hundrad, voru verktakar, verkkaupar og ráðgjafar. Mál manna var að margt fróðlegt hefði komið fram í erindum framsögumanna.

Í stuttu máli sagt komust allir ræðumenn að þeirri niðurstöðu að margt megi bæta á útboðsmarkaðnum, bæði útboðsgögn og útboðsferlið. Á hvoru tveggja væru miklar brotalamir. Þau tækifæri, sem lög, reglur og staðlar bjóða til að leysa ágreiningsmál, væru ekki nýtt og verktakar gerðu sér ekki nægilega grein fyrir þeirri ábyrgð sem þeir bera eins og varðandi byggingarstjórn og öryggismál.

Samtök iðnaðarins hafa áhuga á að vinna frekar að þeim atriðum sem ræðumenn gerðu að umtalsefni og geta haft áhrif á útboðsmarkaðinn og gert hann heilbrigðari en nú er raunin.



Fundarsóknin sýndi glögggt að áhugi manna á málefnum er mikill og full ástæða til að taka til hendinni enda miklir fjármunir fölgir í verklegum framkvæmdum.

Eyjólfur Bjarnason



Tímabær veiking krónunnar

Óhætt er að fullyrða að miklar sviptingar hafi verið í íslensku efnahags- og fjármálalífi síðustu vikur og mánuði. Greiningardeildir ýmissa banka og matsfyrirtækja gefa út hverja skýrsluna á fætur annarri um Íslenskt efnahagslíf og fjármálakerfi, ýmist til að hallmæla því eða verja. Bandaríski herinn er á leiðinni heim eftir 62 ára dvöl héraendis. Gengi krónunnar hefur fallið um tæp 15% frá áramótum en hlutabréfaverð hefur hækkað um 8% eftir skrykkjótta leið. Þenslan er í hámarki. Það gleymst hins vegar gjarnan að þensla er afleiðing mikils uppgangs í efnahagslífinu og stuðlar að aukinni velmegun en er ekki merki um að allt sé á niðurleið. Sviptingar síðustu vikna eru fyrst og fremst leiðrétting á því misvægi sem ríkt hefur síðustu misseri. Áhrif gengisbreytinga eru hins vegar mismunandi á ólíkar greinar iðnaðarins.

Kemur ekki á óvart

Flestir sérfræðingar gerðu ráð fyrir að gengi krónunnar tæki að lækka á þessu ári en alltaf er erfitt að tímasetja slíkt. Ástæður lækkunar eru í grundvallaratriðum þær að horfur eru á að nú taki að hægja talsvert á efnahagslífinu þar sem toppi hagsveiflunnar hefur verið náð. Stóriðjuframkvæmdir ná hámarki í sum- ar en síðan ætti að hægjast um, a.m.k. í bili. Háir vextir hafa þrýst upp gengi krónunnar og viðskiptahalli er mikill.

Þessi halli setur þrýsting á gengi krónunnar og segja má að gengislækkun sé nauðsynleg til að leiðrétta þetta mikla

Bjarni Már
Gylfason
hagfræðingur SI



misvægi. Líklegt er að fréttaf lutningur af ástandi efnahagslífsins og bankakerfisins hafi orðið kveikjan að óhjákvæmilegri veikingu krónunnar.

Veiking krónunnar kemur ekki á óvart núna. Ætla má að fyrirtækin hafi gert ráð fyrir þessu í fjárfestingaákvörðunum sínum. Veiking krónunnar er líklega erfðust fyrir fyrirtæki í byggingariðnaði og mannvirkjagerð þar sem þau hafa takmarkaðar tekjur í erlendri mynt en eru nokkuð skuldsett. Sama gæti átt við um margvíslegan þjónustu- og prentiðnað.

Gengislækkun hækkar skuldir


Í árslok 2005 skulduðu fyrirtæki í almennum iðnaði tæplega 70 milljarða. Þar af voru 38 milljarðar erlendar skuldir eða 54% af heildarskuldum. Verðtryggð skuldabréfalán námu 15 milljörðum króna og 8 milljarðar voru yfirdráttarlán. Þess utan eru margvíslegir víxlar, afurðalán og fleira. Í árslok 2005 skulduðu fyrirtæki í byggingariðnaði og mannvirkjagerð einnig tæplega 70 milljarða. Þar af voru 16 milljarðar gengisbundin lán eða 23%. Verðtryggð skuldabréfalán nema 20 milljörðum og 24 milljarðar eru yfirdráttarlán eða 35% af heildarlánnum í greininni. Í báðum þessum geirum iðnaðar hafa skuldir vaxið afar hratt síðustu árin og þær hafa ríflega þrefaldast frá árinu 2003. Gengisfall hefur líka áhrif á innlendar skuldir fyrirtækja því að töluverður hluti skulda er verðtryggður. Fall krónunnar hefur óhjákvæmilega verðbólgukskot í för með sér þar sem verð á innfluttum vörum hækkar. Líklegt má telja að innflytjendur velti gengislækkun krónunnar yfir í verðlagið áður en langt um líður.

Betri horfur í útflutnings- og samkeppnisgreinum

Fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisgreinum hafa búið við mjög erfitt ástand alveg frá árinu 2001 þegar gengi krónunnar var í sögulegu lágmarki. Segja má að gengi krónunnar hafi styrkst samfellt í 5 ár með tilheyrandi skerðingu á samkeppnishæfni útflutnings- og samkeppnisfyrirtækja. Sömu sögu er að segja af fyrirtækjum í ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Þegar gengi krónunnar tók að falla í febrúar sl. hækkaði hlutabréfaverð í útflutnings og iðnfyrirtækjum en hlutabréfamarkaðurinn tók dýfu. Þetta sýnir að markaðurinn fagnar veikingu krónunnar fyrir hönd útflutningsfyrirtækja.

Miklu máli skiptir þó að aðlögun krónunnar og alls hagkerfisins verði yfirveguð. Í grundvallaratriðum er hagkerfið sterkt en mikill styrkur krónunnar hefur kallað á langvinnt ójafnvægi sem þarf að leiðrétta. Hægfara aðlögun er því mikilvæg en mestu skiptir að draga taki úr miklum sveiflum.

Gengisvísitala krónunnar frá 2001-2006



Hæstiréttur um ábyrgð byggingarstjóra

Nýlegur dómur Hæstaréttar (nr. 267/2005) er stefnumarkandi fyrir ábyrgð byggingarstjóra og iðnmeistara. Málið varðar verktaka sem tók að sér að slá upp húsi og tilnefndi byggingarstjóra. Eigandi mannvirkisins taldi að um verulega galla á húsinu væri að ræða og taldi sig eiga rétt á bótum frá byggingarstjóra framkvæmdanna.

Í málflutningi greindi menn á um hve víðtæk ábyrgð byggingarstjóra væri og hvort hann væri skaðabótaskyldur gagnvart eiganda mannvirkisins. Hæstiréttur var skipaður þremur dómurum en einn þeirra skilaði séráliti.

Niðurstaða Hæstaréttar er sú að hann staðfestir niðurstöðu héraðsdóms sem segir að byggingarstjórinn beri ábyrgð á þeim göllum sem fram koma í matsgerð dómkvaddra matsmanna.

Hæstiréttur telur að í gildandi skipulags- og byggingarlögum séu lagðar umfangsmiklar skyldur á byggingarstjóra. Skylda sé að hafa byggingarstjóra við allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir og að hann sé framkvæmdastjóri þeirra. Sérstaklega sé tekið fram að honum beri að sjá til þess að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir.

Í dómsorði segir einnig „Þegar framangreind ákvæði skipulags- og byggingarlaga eru virt og litið til forsögu þeirra og tilgangs verður að telja að með þeim séu lagðar skyldur á byggingarstjóra til að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum þeim sem hann stýrir, þar á meðal með því að iðnmeistarar þeir, sem að verkinu koma fyrir hans atbeina, sinni sínum skyldum og að framkvæmdin sé með tæknilega og faglega fullnægjandi hætti. Vanræki byggingarstjóri þessa umsjónar- og eftirlitsskyldu sína með saknæmum hætti getur hann orðið skaðabótaskyldur gagnvart eiganda mannvirkis vegna tjóns sem af því hlýst.“

Dómurinn staðfestir það sem oft hefur verið talið að byggingarstjóri beri mikla ábyrgð. Hann ber ábyrgð á því að til verka séu ráðnir fagmenn á hverju sviði og það eigi einnig að vera hans hlutverk að til verka séu ráðnir iðnmeistarar sem séu hæfir og geti ásamt starfsmönnum sínum skilað faglega góðu verki.

Í dómi Hæstaréttar felast skýr skila-

Eyjólfur
Bjarnason
Mannvirkjagerð



boð til þeirra sem taka að sér hlutverk byggingarstjóra. Hlutverk þeirra er að stýra verki og bera ábyrgð á því að þeir, sem ráðnir eru til að vinna það, séu til þess hæfir.

Dómurinn dregur ekki á neinn hátt úr hlutverki eða ábyrgð iðnmeistara. Þvert á móti eru dregin fram þau ákvæði 52. gr. laganna sem lúta að henni. Svo kann að vera að byggingarstjórinn geti síðan farið í mál við viðkomandi iðnmeistara og gert hann ábyrgan fyrir þeim göllum sem upp kunna að koma. Samtök iðnaðarins hvetja því félagsmenn sína sem sinna byggingarstjórahlutverki að gera það af kostgæfni og horfa til niðurstöðu hæstaréttar.



Áhugaverð dagskrá í tilefni 80 ára afmælis Ljósmyndarafélags Íslands



Ljósmyndarafélag Íslands er 80 ára um þessar mundir. Af því tilefni efnir félagið til hátíðar á Grand Hótel helgina 13. og 14. maí nk. Dagskráin verður tvíþætt, annars vegar fyrir atvinnumenn í ljósmyndun og hins vegar fyrir allt áhugafólk um ljósmyndun. Erlendir fyrirlesarar kynna það áhugaverðasta sem nú gerist í heimi ljósmyndunar og innflytjendur kynna vöru sína og þjónustu. Einnig verður gefin út bók með myndum félagsmanna. Sjá nánar dagskrá á www.si.is.

Stórsýning um byggingariðnað og mannvirkjagerð

Sýningin Verk og vit 2006 var haldin dagana 16. til 19. mars í Laugar-dalshöll. Aðsóknin var mjög góð alla sýningardagana en gestir voru tæplega sautján þúsund.

Rúmlega 120 fyrirtæki tengd byggingariðnaði, mannvirkjagerð og skipulagsmálum tóku þátt í sýningunni, þar á meðal mörg stærstu fyrirtæki og félög í byggingariðnaði. Sýnendur lögðu mikla vinnu og metnað í að gera sýningarbása sína sem glæsilegasta og starfsfólk fyrirtækjanna lagði mikla áherslu á að kynna þau sem best.

Verk og vit haldast í hendur

Valgerður Sværisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra opnaði sýninguna við hátíðlega athöfn. Ráðherra sagði að við lífðum á mesta framfaraskeiði í sögu þjóðarinnar þar sem gríðarlegar fjárfestingar ættu sér stað við uppbyggingu á öllum sviðum. Fjármunamyndun í byggingum og mannvirkjagerð á síðasta ári hefði numið um 180 milljörðum króna sem væri ríflega 17% aukning frá árinu áður. „Íslenskt hugvit og handverk ráða við að byggja flest þau mannvirki sem hér þarf að reisa. Samtímis hafa fagmennska og þekking aukist á öllum sviðum svo sem í byggingarrannsóknum, hönnun, framkvæmdum og fjármálaþjónustu. Sýningin hér í Laugardal sýnir það betur en nokkur orð fá lýst hve nauðsynlegt það er að verk og vit haldist í hendur.“

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri sagði að það væri augljóst af metnaðarfullri uppbyggingu í Reykjavík, ekki síst í miðborginni, að borgin hefði notið vaxandi fagmennsku sem ein-kennandi byggingar- og skipulagsmál á Íslandi.

Mikið framkvæmdaskeið

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, sagði að undanfarin ár hefðu verið eitt mesta framkvæmdaskeið í sögu þjóðarinnar. Mikil fjölgun ársverka og aukin velta í byggingariðnaði og mannvirkjagerð væru til vitnis um þennan vöxt. Líta þyrfti þrjátíu ár aftur í tímann, til árána eftir Vestmanna-

eyjagosið, til að finna sambærilegar tölur um fjölda íbúða sem lokið væri við. Í fyrra hafi verið byrjað á nálega 3.000 íbúðum á landinu, sem væri Íslandsmet.

Ráðstefnur og fundir

Fyrir opnun sýningarinnar var haldin ráðstefna um þróun fasteignamarkaðarins og rekstur fasteigna. Þar voru birtar niðurstöður könnunar um eignarhald og rekstur fasteigna á Íslandi og rædd ólík útboðsform við stórar framkvæmdir á vegum hins opinbera og einkaaðila. Erlendur fyrirlesari fjallaði um reynslu af fasteignarekstri á Norðurlöndum og einkaaðilar og opinberir aðilar röktu reynslu sína af ólíku eignarfyrirkomulagi fasteigna innanlands og erlendis.

Meðan á sýningunni stóð voru haldnar ráðstefnur og kynningarfundir á vegum fyrirtækja og sveitarfélaga.

Verðlaun fyrir sýningarbása

Veittar voru viðurkenningar fyrir athyglisverðustu sýningarbásana en bás fyrirtækisins Smellinn hf. á Akranesi var valinn sá athyglisverðasti. Smellinn reisti lítið hús úr forsteyptum einingum á sýningarsvæðinu en húsið þykir endurspegla sérlega vel framleiðslu og vöruframboð fyrirtækisins.

Í öðru sæti varð sýningarbás MEST sem er fyrirtæki á bygginga- og framkvæmdamarkaði. Í sýningarbás MEST voru hljóð og lýsing notuð með frumlegum hætti til að sýningargestir kæmst í nána snertingu við byggingarefnin.


Í þriðja sæti varð sýningarbás Iðnskólans í Reykjavík sem nemendur skólans höfðu smíðað og hannað. Básinn og allt kynningarrefni þótti endurspegla vel námsframboð skólans.


Verðlaunahafar fengu allir viðurkenningsarkjöl og blómvendi og sigurvegarinn fékk merki Verks og vits 2006 en Teknis efh. smíðaði merkið úr járn.

AP sýningar, sem eru í eigu AP almannatengsla ehf., sáu um framkvæmd sýningarinnar í samvinnu við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Samtök iðnaðarins, Landsbanka Íslands og Ístak.



Glaðbeittir viðtakendur Smellinn hf. Mest og Iðnskólinn í Reykjavík





Sveinn Hannesson,
framkvæmdastjóri,
Samtaka iðnaðarins
ávarpar gesti



M y n d i r f r á á r s h ó f i S a m t a



Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri og
Áslaug Sigurðardóttir, Helgi
Magnússon formaður SI og
Arna Einarsdóttir, Þórhildur
Lárusdóttir og fráfarandi
formaður Vilmundur
Jósefsson



Ræðumaður
kvöldsins
Jón Baldvín
Hannibalsson



Halla Bogadóttir fyrrv. stjórnamaður og Anna María Jónsdóttir nýr stjórnamaður í
Samtökunum



k a i ð n a ð a r i n s 1 7 . m a r s



Nýi formaðurinn Helgi Magnússon býður gesti velkomna

Veislustjóri kvöldsins Aðalheiður Héðinsdóttir

